

Mál nr. 171/2013**M****og V v/ ábyrgðartryggingar og slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A.****Fyrning vegna umferðarslysa 3. september 2005 og 26. apríl 2006.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 30. apríl 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 28. maí 2013.

Málsatvik.

M slasaðist í tveimur umferðarslysum með stuttu millibili, nánar tiltekið 3. september 2005 og 26. apríl 2006. Mat á afleiðingum umræddra slysa fór fram með sérstakri matsgerð dags. 10. maí 2009 og fékk M í kjölfarið greiddar bætur skv. skaðabótalögum nr. 50/1993 hjá V. Gerður var fyrirvari við uppgjör bóttanna vegna mats á varanlegum miska og varanlegri örorku. Nú liggur fyrir nýtt mat á afleiðingum umferðarslysanna dags. 27. júní 2012 þar sem varanlegur miski var metinn lítilsháttar hærrí en í matsgerðinni frá 10. maí 2009.

M telur að um mál M gildi 10 ára fyrningafrestur 99.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 en ekki fjögurra ára fyrningafrestur. M telur að einkenni hennar hafi versnað nokkuð eftir að matsgerð lá fyrir á árinu 2009 og hafi það verið staðfest með herra mati á varanlegum miska með nýrri matsgerð á árinu 2012 auk þess sem auk þess sem endurhæfing hafi ekki verið fullreind fyrir en haustið 2010. Ekki geti því fyrningafrestur í málinu byrjað að líða fyrir en þá. M vísar einnig til dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

V vísar til þess að það liggi fyrir álit matsmanna, í matsgerð frá 10. maí 2009, að tímabært hafi verið að meta afleiðingar slysanna 20. apríl 2007. Því mati hafi ekki verið hnekkt og ekki sé hægt að draga ályktanir af þeim dómum sem M vísar til að upphaf fyrningafrests eigi að miðast við annan tímapunkt. Ekki sé því hægt að miða við annað en að kröfur M hafi fyrnst 1. janúar 2012, sbr. meginreglu 99.gr. umferðarlaga.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um upphaf fyrningafrests skv. 99.gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að kröfur fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar, eða í síðasta lagi á 10 árum frá tjónsdegi. Í matsgerð dags. 10. maí 2009 kemur fram að tímabært hafi verið að meta afleiðingar beggja slysa á árinu 2007. Því mati hefur ekki verið hnekkt en upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum um ástand M eftir matsgerðina í maí 2009 eru ekki þess eðlis að þær staðfesti að fyrningafrestur hafi byrjað að líða síðar. Að öllu virtu teljast kröfur M vegna slysanna hafa fyrnst við upphaf árs 2012.

Niðurstaða.

Kröfur M í ábyrgðartryggingu ökutækis og slysatryggingu ökumanns hjá V eru fyrndar.

Reykjavík 11. júní 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.